

## um helgina

Hólahátíð  
á sunnudag

Hólahátíð verður á morgun, sunnudag, og hefst kl. 13.45 með klukknaðringingu og skrúðgöngu presta til Dómkirkjunnar, en hátíðaguðspjónusta hefst kl. 14. Biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson, prédikar.

Prestarnir á Laufási, Sauðárkróki, Glaumbæ og á Hólum þjóna fyrir altari og kirkjukór Sauðárkróks annast söng undir stjórn Jóns Björnssonar organista.

Kl. 16 verður barnasamkoma í skólahúsinu og þá hefst einnig hátíðarsamkoma í kirkjunni. Þar tala sr. Arni Sigurðsson form. Hólafélagsins, Jónas Þórisson kristnibóði og sr. Pétur Sigurgeirsson vigslobiskup; kirkjukór Sauðárkróks syngur, Jóhann Már Jóhannsson bóndi Keflavíkur syngur einsöng og Óskar Magnússon frá Tungunesi flytur frumort ljóð. Kaffiveitingar fyrir samkomugesti verður í Nýja barnaskólanum.



Bach.


Sumartónleikar  
í Skálholti:

Hörður og  
Inga Rós

Sumartónleikum í Skálholtskirkju 1981 lýkur um þessa helgi með tónleikum hjónanna Ingu Rósar Ingólfsdóttur sellóleikara og Harðar Askelssonar orgelleikara, sem munu leika nokkur verk eftir J. S. Bach.

Tónleikarnir verða á laugardag og sunnudag kl. 15 báða dagana og aðgangur er ókeypis. Að venju verða kaffiveitingar á staðnum að tónleikum loknum.

Messað verður í Skálholtskirkju á sunnudag kl. 17, prestur sr. Guðmundur Óli Ólafsson og orgelleikari Hörður Askelsson.



Fyrirlestur  
í Norræna húsinu:

Heilsufar  
barna  
á Norðurl.

Prófessor Lennart Köhler, rektor við „Nordiska Hälsovårdshögskolan“ í Gautaborg mun halda fyrirlestur í Norræna húsinu þriðjudaginn 18. ágúst 1981 kl. 20.30. Nefnist fyrirlesturinn, „Om Barns hälsa i Norden“ og er öllum opin.



Bara-flokkurinn.

## Rokk í Keflavík

Þrjár rokkhljómsveitir, Peyr, Bara-flokkurinn frá Akureyri og Box úr Keflavík, koma fram á rokktonleikum í Félagsbíói í Keflavík í kvöld, laugardagskvöld. Þær fyrrnefndu hafa öðlast miklar vinsældir á skömmum tíma og Box hefur sennilega komið mönnum mest á óvart á sögulegum tónleikum í Laugardalshöllinni.

Þetta eru fyrstu tónleikar BARA-FLOKKSINS hér sunnan heiða að þessu sinni, en í næstu viku munu þeir leika á tónleikum á nokkrum stöðum á

Reykjavíkursvæðinu. Hins vegar eru þetta síðustu tónleikar ÞEYS áður en hljómsveitin heldur norður í land þar sem hún ætlar sér að verða Norðlendingum til yndisauka um nokkurn tíma. Tónleikarnir í Félagsbíói hefjast kl. 21 og verður aðgöngumíðaverði stíllt mjög í hóf, þannig að litil og aum fjárráð ættu ekki að hindra fólk í að verða sér úti um riflegan skammt af eyrnakonfekt, lofa aðstandendur í fréttatilkynningu.

Sumar á  
Kjarvals-  
stöðum

Sýningin „Sumar á Kjarvalstöðum“ verður opin alla Reykjavíkurborg, og lýkur henni síðan sunnudaginn 23. þessa mánaðar. Í Kjarvalssal eru málverk og teikningar eftir Jóhannes S. Kjarval í eigu Reykjavíkurborgar og í vestursal Leirlist, Gler, Textill, Silfur, Gullþ.e. verk eftir Steinunni Marteinsdóttur, Hauk Dór, Jónínu Guðnadóttur, Elísabetu Haraldsdóttur, Huldu Jósefsdóttur, Sigríði Jóhannsdóttur og Leif Breiðfjörð, Guðrúnu Auðunsdóttur, Rögnu Róbertsdóttur, Asdísu Sveinsdóttur Thoroddsen, Jens Guðjónsson, Guðbrand Jezorski og Sigrúnu Ó. Einarisdóttur.

Í tilefni Reykjavíkurborgar hefur verið sett upp sýning í forsal Kjarvalsstaða á myndum úr hugmyndasamkeppni sem fór fram meðal grunnskólanemenda í Reykjavík í vetur um

## Strætó í 50 ár



Reykjavíkuvika  
17.-23. ágúst 1981

Þetta er myndin sem sigraði í veggspjaldakeppni Strætisvagna Reykjavíkur. Hana gerðu þeir félagar Sigurður Kristjánsson 11 ára og Stefán Hrafnkelsson 10 ára.

gerð veggspjalds tengt 50 ára afmæli Strætisvagna Reykjavíkur. Alls bærust 30 myndir í samkeppnina.

Ókeypis aðgangur er að öllum sýningunum að Kjarvalsstöðum, en seld skrá og veggspjald. Kjarvalsstaðir eru opnir kl. 14-22 daglega.



Miniatúrarnir eða smámyndirnar voru að berast til Djúpsins er ljósmyndarinn átti leið um í vikunni Ljósm. —gel—

## Smámyndasýning í Djúpinu

Smámyndasýning verður opnuð í Djúpinu í dag, laugardag, og taka þátt í henni alls 26 listamenn. Þetta er önnur sjálfstæða sýningin sem Gallerí Djúpið stendur fyrir á árinu; hin fyrri var minningar-sýning um A. Paul Weber í janúar.

Myndirnar á smámyndasýningunni eru unnar á marga vegu og mismunandi efni notuð. Hún stendur til 2. september og verður opin daglega kl. 11 - 23; aðgangur er ókeypis.

## Orkustofnun

Óskar að ráða mann í stöðu forstjóra Vatnsorkudeildar stofnunarinnar. Háskólamenntun á fræðasviðum sem snerta vatnsorkurannsóknir er áskilin. Laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna.

Umsóknir, er tilgreini menntun og fyrri störf sendist fyrir 10. sept. n.k., til orkumálastjóra. Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík. Hann veitir allar nánari upplýsingar.

Orkustofnun.

## Húsmóðir óskast!

Þjóðviljinn vill ráða konu í tvo mánuði eða lengur, til að hafa umsjón með kaffistofu fyrir starfsfólk blaðsins og til að annast daglegar hreingeringar í húsakynnum blaðsins, Síðumúla 6.

Upplýsingar hjá framkvæmdastjóra.

**ÞJÓÐVILJINN**



## Kennara

vantar við Grunnskólann Raufarhöfn. Nánari upplýsingar veitir Jón Magnússon skólustjóri í síma 96-51164.



## ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Stundakennara vantar í húsmiði, rafíðnum og hárskurði. Upplýsingar veitir skólustjóri í viðtalstíma.

Íðnskólinn í Reykjavík

Sjúkrasamlag  
Bolungarvíkur

Sjúkrasamlag Bolungarvíkur tók til starfa 1. janúar 1981. Afgreiðsla sjúkrasamlagsins er á bæjarskrifstofunum kl. 13-15 alla virka daga.

## Rafmagnsveitur ríkisins

Óska eftir að ráða ritara. Laun eru samkvæmt 9. launaflokki B.S.R.B.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun aldur og fyrri störf sendist starfsmannastjóra.

Rafmagnsveitur ríkisins,  
Laugavegi 118,  
Reykjavík